

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld fyrir útgáfu á byggingarleyfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi / umhverfis- og skipulagsráð samþykkir og fengið hefur staðfestingu bæjarstjórnar.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Byggingarleyfisgjald	Hlutfall	kr.
a) Einbýlishús	85%	124.952
b) Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, pr. íbúð	65%	101.531
c) Fjölbýlishús, pr. íbúð	50%	78.101
d) Atvinnuhúsnæði, stofnanir og önnur mannvirki		
gólflötur allt að 500 fermetrar	70%	109.341
gólflötur á bilinu 501-1000 fermetrar	120%	187.442
gólflötur á bilinu 1001-2000 fermetrar	300%	468.606
gólflötur yfir 2001 fermetra	400%	624.808
e) Önnur hús, hvers konar viðbyggingar og bílgeymslur		
viðbyggingar allt að 20 fermetrum	25%	39.050
viðbyggingar frá 20-100 fermetrum	45%	70.291
viðbyggingar stærri en 100 fermetrar	55%	85.911
f) Minniháttar breytingar á útliti og innra skipulagi	10%	15.620
g) Meiriháttar breytingar á útliti og innra skipulagi	25%	39.050

Hlutfall samkvæmt þessum lið er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. m² visitöluhúss fjölbýlis sbr. útreikning Hagstofu Íslands.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, byggingarleyfi, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu byggingarleyfis.

Úttektir á eftirfarandi verkþáttum eru lögbundnar sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998:

- a) Jarðvegsgrunni (botnúttekt) áður en byrjað er á mótaupplætti eða fyllingu í slíkan grunn.
- b) Undirstöðuveggjum (sókklum).
- c) Lögnum í grunn, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.
- d) Raka- og vindvarnarlögum.
- e) Grunni, áður en botnplata er steipt.
- f) Járnalögnum.
- g) Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
- h) Frágangi á klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ. á m. á neglingu þakjárns.
- i) Frágangi á ystu klæðningu veggja.
- j) Hita- og hljóðeinangrun.
- k) Neysluvatns-, hitavatns-, hita- og kælikerfum ásamt einangrun þeirra.
- l) Frárennslis-, regnvatns- og þerrikerfum.
- m) Stokkalögnum og ihlutun þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt hita- og eldvarnar-einangrun.
- n) Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa.
- o) Úttekt á verkþáttum varðandi eldvarnir.
- p) Þáttum er varða aðgengi m.t.t. fatlaðra.

1.2. Framkvæmdaleyfisgjald	Hlutfall	kr.
Framkvæmdaleyfisgjald 0,75% af áætluðum framkvæmda- kostnaði en þá aldrei lægri upphæð en sem nemur	10%	15.620

Hlutfall samkvæmt þessum lið er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. m² vísitöluhúss fjölbýlis sbr. útreikning Hagstofu Íslands.

Innifalið í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður bæjarins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisins og eftirlits.

Framkvæmdaleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu framkvæmdaleyfis.

2. gr.

2.1. Afgreiðslu- og þjónustugjöld	Hlutfall	kr.
a) Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar undir 100 m ²	30%	46.861
b) Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar yfir 100 m ²	55%	85.911
c) Hver endurskoðun aðaluppdráttu	7%	10.934
d) Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	15%	23.430
e) Endurnýjun leyfis án breytinga	5%	9.372
f) Úttekt vegna vínveitingaleyfis	5%	9.372
g) Eignaskiptayfirlýsing, minniháttar, hver umfjöllun	10%	15.620
h) Eignaskiptayfirlýsing, umfangsmikil, hver umfjöllun	20%	31.240
i) Grenndarkynning, minniháttar	15%	23.430
j) Grenndarkynning, umfangsmikil	20%	31.240
k) Breyting á lóðarleigusamningi	20%	31.240
l) Gjald f. útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	5%	9.372
m) Gjald f. önnur útköll s.s. vettvangsskoðun og mælingar	5%	9.372
n) Stöðuleyfi	10%	15.620
o) Afgreiðslu- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa	7%	10.934

Hlutfall samkvæmt þessum lið er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. m² vísitöluhúss fjölbýlis sbr. útreikning Hagstofu Íslands. Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skal staðgreiða.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld: Ljósritun og útprentun, A1, A2, A3, A4 (skv. kostnaði).

3. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda. Ef um lóðarúthlutun er að ræða er gjalddagi eigi síðar en einum mánuði frá samþykkt byggingarleyfis, enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda. Veittur er greiðslufrestur á hluta þessara gjalda skv. sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur.

Byggingarleyfisgjald endurgreiðist ekki þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi.

Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

4. gr.

Vestmannaeyjabæ er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt.

6. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2009, 500,7 stig.

Gjaldskrá þessi, sem er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Eldri gjaldskrá sama efnis nr. 130/2006 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

Vestmannaeyjum, 9. febrúar 2010.

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.